

***Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð 9. september 2021: Fyrirspurn Fulltrúa  
Flokks fólksins um árshlutauppgjör - R21090041***

Fram kemur í gögnum um árshlutauppgjör og í ársskýrslu að heildarfjárfesting sviðsins var 1.251 m.kr. eða 1.2 milljarðar. Umræddar fjárfestingar skiptast u.þ.b. til helminga milli nýrra upplýsingakerfa og fjárfestinga í upplýsingatækni. Í því sambandi vill fulltrúi Flokks fólksins spyrja: Hvaða upplýsingakerfi voru keypt? Hvað kostaði hvert upplýsingakerfi? Af hverjum var hvert upplýsingakerfi keypt? Var viðhaft útboð á fyrrgreindum upplýsingakerfum? Voru fleiri valkostir fyrir hendi í hverju tilviki? Hafa öll fyrrgreind upplýsingakerfi verið tekin í notkun? Í hverju var fjárfest í upplýsingatækni? Sundurliðun á kostnaði við hvert kerfi? Af hverjum voru fyrrgreind kerfi keypt? Hefur sú upplýsingatækni sem fjárfest var í verið tekin í notkun? R21090041